

Reykjavík, 17. ágúst 2020

Kæri viðtakandi,

Við lifum á aldeilis sérkennilegum tímum. Ungmennaráð UMFÍ ætlaði að halda ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði í vor. Það gekk auðvitað ekki vegna samkomubannsins og því var henni frestað. Nú skellum við okkur í þetta!

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verður haldin dagana 16. – 18. september nk. í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Við munum auðvitað fylgja þar öllum sóttvarnarreglum til að passa upp á hvert okkar og aðra. Við auglýsum ráðstefnuna auðvitað með þeim fyrirvara að sóttvarnarreglur verði ekki hertar frekar. Ef til þess kemur þá grípum við til viðeigandi ráðstafana.

### Hvað er Ungt fólk og lýðræði?

Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Lýðræðisleg áhrif. Hvar, hvenær og hvernig getur ungt fólk haft áhrif?*

Ráðstefnan er samræðuvettvangur ungs fólks á aldrinum 16 - 25 ára. Markmið og tilgangur ráðstefnunnar er að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og gefa okkur, ungu fólki, verkfæri og þjálfun til þess að auka áhrif í okkar nær samfélagi.

Dagskráin verður með fjölbreyttu sniði. Kynningar, málstofur, hellings hópefli og önnur skemmtilegheit sem við í Ungmennaráði UMFÍ erum að skipuleggja.

### Takmarkaður fjöldi

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og komast aðeins 80 þátttakendur að. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið í gjaldinu eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. UMFÍ styrkir 80% af ferðakostnaði. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík miðvikudaginn 16. september og kemur hún til baka á föstudeginum. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá styrk fyrir ferðakostnaði.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er með öllu vímuefnalaus og á það líka við um rafsígarettur.

Skráning á ráðstefnuna er til föstudagsins 4. september nk. **Smelltu hér til þess að skrá.**

Nánari upplýsingar er á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

Hlökkum til að sjá þig!

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

*Ástþór Jón Ragnheiðarson*  
Formaður Ungmennaráðs UMFÍ.